

Leiðbeiningar

fyrir miðlara, sem hafa leyfi til SMT-tollafgreiðslu vegna innflutnings; flutningsmiðlara og rekstraraðila tollvöruheymisla og frísvæða

Útgáfa 3.6

Inngangur

Leiðbeiningar þessar eru gerðar fyrir miðlara, flutningsmiðlara og rekstraraðila tollvöruheymisla og frísvæða, sem fengið hafa leyfi til pappírslausrar tollafgreiðslu, hér eftir nefnd SMT-tollafgreiðsla, samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 858/2000 um SMT-tollafgreiðslu. Þeir sem fengið hafa leyfi til SMT-tollafgreiðslu eru hér nefndir leyfishafar. Leiðbeiningar þessar lýsa verklagsreglum við SMT-tollafgreiðslu, en að öðru leyti vísast til ofangreindrar reglugerðar svo og annarra fyrirmæla í lögum og reglugerðum um tollafgreiðslu. Miðlara er getið í 4. gr. reglugerðar nr. 858/2000, en þar segir orðrétt:

" Heimilt er að veita flutningsmiðlurum og þeim sem hafa leyfi til að reka frísvæði eða almennar tollvöruheymislar leyfi til að koma fram gagnvart tolflyfirvöldum við SMT-tollafgreiðslu fyrir hönd innflytjenda eða útflytjenda vara eða sendinga.

Aðili, sem fengið hefur heimild skv. 1. mgr. getur að fenginni skriflegri heimild frá innflytjanda eða skriflegri staðfestingu hans á viðtöku vöru óskað þess að aðflutningsgjöld verði skuldfærð á innflytjanda, í samræmi við þær heimildir sem viðkomandi hefur til greiðslufrests á aðflutningsgjöldum.

Þegar tollmeðferð fer fram samkvæmt þessari grein ábyrgjast umboðsaðilar og innflytjendur eða útflytjendur vara eða sendinga greiðslu gjalda in solidum. Ábyrgð umboðsaðila eða rekstraraðila frísvæðis eða tollvöruheymisla fellur þó niður hafi aðflutningsgjöld verið skuldfærð á innflytjanda eða viðtakanda vöru hjá tollstjóra, nema umboðs- eða rekstraraðili vissi eða mátti vita að upplýsingar sem veittar voru í tengslum við tollafgreiðslu væru rangar eða ófullnægjandi."

Aðilar, sem um ræðir í 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar eru hér á eftir nefndir einu nafni *miðlarar*. Miðlarar annast gerð aðflutningsskýrslu og tollafgreiðslu vara í umboði innflytjanda með því að koma fram fyrir hönd innflytjanda hjá tollstjóra við tollmeðferð vörusendingar eða póstsendingar innflytjanda, sem m.a. felur í sér gerð og framlagningu aðflutningsskýrslu hjá tollstjóra, upplýsingagjöf vegna tollmeðferðar vörunnar og skuldbindingu um greiðslu aðflutningsgjalda hjá tollstjóra hvort sem gjöldin eru staðgreidd og/eða skuldfærð við tollafgreiðslu til innheimtu síðar nema aðflutningsgjöld séu gjaldfærð,

staðgreidd og/eða skuldfærð, á innflytjanda skv. gjaldfærslubeiðni miðlara á innflytjanda í aðflutningsskýrslu.

- Með orðinu *póstsending* í leiðbeiningum þessum er átt við bögglasendingar, smápakka og bréf sem tollafgreiða má á aðflutningsskýrslu, ebl. E-1.1.
- Með orðinu *vörusending* í leiðbeiningum þessum er átt við vörur, sem tollafgreiddar eru hjá Tollstjóranum í Reykjavík eða hjá sýslumönnum utan Reykjavíkur.
- Orðið *tollafgreiðslustaður* er hér notað yfir þá tollstjóra og sýslumenn þar sem SMT-tollafgreiðsla vöru getur farið fram.

Aðflutningsskýrsla miðlara

SMT-tollafgreiðsla

Við SMT-tollafgreiðslu skal miðlari ávallt gefa upp eigin kennitölu í aðflutningsskýrslu, CUSDEC-skeyti, ásamt virðisaukaskattsnúmeri sínu, sbr. reit 10 á tollskýrslu ebl. E-1.1, auk þess að gefa upp kennitölu innflytjanda, sbr. reit 7 á tollskýrslu ebl. E-1.1. Þó skal tilgreina virðisaukaskattsnúmer innflytjanda í stað númers miðlara þegar sett er fram beiðni í SMT-aðflutningsskýrslu um að aðflutningsgjöld verði skuldfærð á innflytjanda. Sama gildir um aðflutningsskýrslur á pappír.

Tollafgreiðsla miðlara á vörum innflytjanda, sem hefur heimild til skuldfærslu allra aðflutningsgjalda hjá tollstjóra

Þegar miðlari gerir aðflutningsskýrslu og tollafgreiðir vöru í umboði innflytjanda getur miðlari skv. skriflegu umboði frá innflytjanda eða skriflegri staðfestingu hans á viðtöku vöru óskað eftir því í skýrslunni að aðflutningsgjöld verði gjaldfærð, staðgreidd og/eða skuldfærð, á innflytjanda skv. þeim heimildum sem innflytjandi hefur til greiðslufrests aðflutningsgjalda. Slíka *gjaldfærslubeiðni* (GI) á innflytjanda getur miðlari sett fram vegna almennra vörusendinga, safnsendinga, hraðsendinga og vegna tollafgreiðslu vara úr tollvörugeymslu eða af frísvæði. Gjaldfærslubeiðni á innflytjanda getur miðlari sett fram bæði við SMT-tollafgreiðslu og við tollafgreiðslu með aðflutningsskýrslu á pappír. Sjá nánar reglur nr. 550/1997, um útfyllingu aðflutningsskýrslu og gjaldfærslu aðflutningsgjalda þegar miðlari kemur fram gagnvart tollyfirvöldum við tollafgreiðslu í umboði innflytjanda.

Gjaldfærslubeiðni í aðflutningsskýrslu á pappír

Þegar um tollafgreiðslu með aðflutningsskýrslu á pappír er að ræða er greiðslukvittun í framan greindu tilviki stíluð á innflytjanda, en einnig kemur fram nafn viðkomandi miðlara. Þau gjöld sem innflytjandi hefur heimild fyrir að fá skuldfærð eru þá skuldfærð á hann en önnur gjöld koma til staðgreiðslu.

Gjaldfærslubeiðni í SMT-aðflutningsskýrslu

Ef miðlari framkvæmir tollafgreiðslu vöru með SMT-aðflutningsskýrslu og innflytjandi, sem á vöru, er með gilda heimild til SMT-tollafgreiðslu hjá tollstjóra og heimild til skuldfærslu allra aðflutningsgjalda, sbr. reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, þá eru öll aðflutningsgjöld skuldfærð á innflytjanda og skuldfærslutilkynning (CUSTAR skeyti) send til innflytjanda auk þess að vera sent þeim miðlara sem sendi SMT-aðflutningsskýrsluna. Þetta gildir ef miðlari hefur sett fram

gjaldfærslubeiðni á innflytjanda í SMT-skýrslunni. Í skuldfærslutilkynningunni kemur fram bæði kennitala miðlara og innflytjanda og ennfremur kemur fram að aðflutningsgjöld hafi verið skuldfærð á innflytjanda.

Engin gjaldfærslubeiðni – gjaldfært á miðlara

Ef miðlari setur ekki fram gjaldfærslubeiðni á innflytjanda í aðflutningsskýrslu eru gjöld gjaldfærð á miðlara til staðgreiðslu og/eða skuldfærð skv. þeim heimildum sem miðlari hefur til greiðslufrests aðflutningsgjalda. Gildir bæði um SMT-tollafgreiðslu og tollafgreiðslu með tollskýrslu á pappír. Miðlari innheimtir síðan aðflutningsgjöld hjá innflytjanda.

Tollafgreiðsla með aðflutningsskýrslu á pappír

Þegar miðlari, sem hefur leyfi til SMT-tollafgreiðslu, tollafgreiðir vörur á aðflutningsskýrslu ebl. E-1.1 er nafn, kennitala og virðisaukaskattsnúmer miðlara, sbr. reitur 10, og nafn og kennitala innflytjanda, sbr. reitir 6 og 7, skráð í skýrsluna í nefnda reiti. Þó skal tilgreina virðisaukaskattsnúmer innflytjanda í stað númers miðlara þegar sett er fram beiðni í aðflutningsskýrslu um að aðflutningsgjöld verði skuldfærð á innflytjanda. Að öðru leyti vísast í reglur nr. 550/1997, um útfyllingu aðflutningsskýrslu og gjaldfærslu aðflutningsgjalda þegar miðlari kemur fram gagnvart tolfyrirvöldum við tollafgreiðslu í umboði innflytjanda.

Um skuldfærslu og greiðslu aðflutningsgjalda hjá tollstjóra

SMT-tollafgreiðsla

Öll aðflutningsgjöld af SMT-tollafgreiddum vörusendingum og póstsendingum eru skuldfærð á annað hvort miðlara eða innflytjanda við tollafgreiðslu til innheimtu síðar skv. gildandi reglum þar um.

Uppgjörstímabil og eindagar. Almennar reglur.

- Uppgjörstímabil skuldfærðra gjalda eru með tvennum hætti, þ.e. mislöng.
- Tollskrárnúmer vöru ræður því undir hvort uppgjörstímabil vara fellur.
- Öll gjöld á tilteknu tollskrárnúmeri falla undir sama uppgjörstímabil.
- Þegar fleiri en eitt tollskrárnúmer er í aðflutningsskýrslu er mögulegt að eindagar greiðslu skuldfærðra gjalda séu tveir á sömu vörusendingunni eða póstsendingunni.
- Frávik: Sum gjöld skuldfærast með sérstökum hætti hvað varðar uppgjörstímabil og eindaga eins og t.d. áfengisgjald (V* gjöld), vörugjald af ökutækjum (M* gjöld) og vörugjald (XA til XE gjöld).

Hér er lengd og fyrirkomulagi uppgjörstímabila skv. **almennu reglunni** lýst og greint frá eindögum skuldfærðra gjalda í hverju tilviki:

1. Eins mánaðar uppgjörstímabil.
 - 1.1 Hvert uppgjörstímabil er 1 almanaksmánuður, þ.e. 12 tímabil á ári.
 - 1.2 Eindagi vegna skuldfærslu gjalda af vöru, sem tollafgreidd er á eins mánaðar uppgjörstímabili er alltaf 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann á næsta virkan dag á eftir:

<i>Uppgjörstímabil</i>	<i>Eindagi</i>
Janúar	15. febrúar

Febrúar	15. mars
Mars	15. apríl
Apríl	15. maí
Maí	15. júní
Júní	15. júlí
Júlí	15. ágúst
Ágúst	15. september
September	15. október
Október	15. nóvember
Nóvember	15. desember
Desember	15. janúar

2. Tveggja mánaða uppgjörstímabil.
- 2.1 Hvert uppgjörstímabil er 2 almanaxsmánuðir, þ.e. 6 tímabil á ári.
- 2.2 Eindagi vegna skuldfærslu gjalda af vöru, sem tollafgreidd er á tveggja mánaða uppgjörstímabili er alltaf 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann á næsta virkan dag á eftir:

<i>Uppgjörstímabil</i>	<i>Eindagi</i>
Janúar - febrúar	15. mars
Mars - apríl	15. maí
Maí - júní	15. júlí
Júlí - ágúst	15. september
September - október	15. nóvember
Nóvember - desember	15. janúar

Greiðslufrestur gjalda við tollafgreiðslu með aðflutningsskýrslu á pappír

Ef miðlari tollafgreiðir með aðflutningsskýrslu á pappír sbr. ebl. E-1.1 getur hann fengið greiðslufrest á aðflutningsgjöldum með sama hætti og gildir við SMT-tollafgreiðslu. Athuga þó að frávik eru frá þessari reglu hvað varðar vörugjald af ökutækjum, sem skuldfært er með mismunandi hætti eftir því hvort um er að ræða SMT-tollafgreiðslu eða tollafgreiðslu með tollskýrslu á pappír. Uppgjörstímabil og eindagar vegna skuldfærslu annarra aðflutningsgjalda eru með sama hætti og gildir við SMT-tollafgreiðslu.

Öll aðflutningsgjöld verður þó að staðgreiða við fullnaðartollafgreiðslu vörusendinga og póstsendinga, sem áður hafa hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu og einnig ef tollkrítarheimild miðlara eða e.a. innflytjanda er uppurin á uppgjörstímabili.

Pappírslaus aðflutningsskýrsla – SMT-aðflutningsskýrsla

Pappírslaus aðflutningsskýrsla, hér á eftir nefnd SMT-aðflutningsskýrsla, inniheldur sömu reiti til útfyllingar og skrifleg skýrsla, sbr. ebl. E-1.1, en með eftirtöldum frávikum:

1. Í stað undirskriftar prókúruhafa í reit 2 á tollskýrslu ebl. E-1.1 hefur leyfishafi SMT-tollafgreiðslu lýst yfir í umsókn um pappírslausa tollafgreiðslu, sem samþykkt hefur verið af tollstjóra, hverjir hafi leyfi til að skuldbinda hann með innsendingu SMT-aðflutningsskýrslu til tollstjóra. Viðkomandi starfsmenn leyfishafa hafa staðfest ábyrgð sína með undirskrift á umsóknina. Leyfishafi skal tilkynna tollstjóra ef

breyting verður á nafnalista vegna nýrra starfsmanna eða starfsmanna, sem hætta störfum. Viðkomandi starfsmenn eru skráðir á kennitölu leyfishafa í "Undirskriftaskrá" í innflytjendaskrá Tollakerfis/Tollalínu.

2. Í SMT-aðflutningsskýrslu eru þrjú skráningarskyld svæði sem ekki er að finna á skriflegri tollskýrslu ebl. E-1.1. Þau eru svæðið "númer vörureikninga" fyrir númer vörureikninga þeirra vara sem tollskýrsla tekur til, svæðið "tilvísunarnúmer leyfishafa" og þegar um SMT-aðflutningsskýrslu yfir póstsendingu er að ræða, svæðið "viðtökunúmer", sbr. viðtökunúmer á tilkynningum, sem póstyfirvöld senda til innflytjanda vegna komu böggla á pósthús.

2.1 *Númer vörureikninga*

Skrá skal númer þeirra vörureikninga, sem SMT-aðflutningsskýrsla tekur til. Ef vörureikningur fylgir ekki skal gefa það til kynna með því að skrá í viðeigandi svæði: **án reikn.** Ef vörureikningur er ekki númeraður skal skrá dagsetningu reiknings á forminu "dd.mm.áá." Dæmi: **15.07.94.** Svæðið fyrir vörureikningsnúmer leyfir hámark 11 stafi fyrir hvert uppgengið númer. Skrá skal 11 öftustu stafi hvers vörureikningsnúmers sé það lengra en 11 stafir. - Sérstakar reglur gilda um svæði vörureikningsnúmera í SMT-skýrslum, sem eru úttektir úr tollvörugæmslum eða af frísvæðum.

2.2 *Tilvísunarnúmer leyfishafa*

Þetta er tilvísunarnúmer leyfishafa, ætlað tollyfirvöldum, sem leyfishafi gefur hverri aðflutningsskýrslu og fylgiskjölum hennar. Tollskjöl sem eiga við tiltekna SMT-aðflutningsskýrslu, skulu öll fá þetta tilvísunarnúmer og geymd í bókhaldi leyfishafa. Númerið skal vera einkvæmt og auðkennt árinu. Að öðru leyti má leyfishafi ákveða útfærslu númerans. Leyfishafi ábyrgist að nota uppgengið tilvísunarnúmer í SMT-aðflutningsskýrslu, svo tollyfirvöld geti án fyrirvara fundið tollskjöl yfir viðkomandi vörusendingu eða póstsendingu í tölvukerfi og bókhaldi hans vegna athugunar á tollskjölum, sem þau kunna að gera hjá leyfishafa á meðan eða eftir að SMT-tollafgreiðsla hefur átt sér stað. Svæðið fyrir tilvísunarnúmer leyfishafa leyfir hámark 14 stafi.

2.3 *Viðtökunúmer vegna póstsendinga*

Viðtökunúmer böggla, smápakka eða bréfs, sem SMT-aðflutningsskýrsla póstsendingar tekur til, skal leyfishafi skrá í SMT-tollskýrslu, sbr. tilkynningar pósthúsa til innflytjanda um komu póstsendinga á pósthús. Fjöldi viðtökunúmera segir um leið til um fjölda fylgibréfa og þar með fjölda böggla. Svæðið er 13 stafa fyrir hvert viðtökunúmer.

3. Í SMT-aðflutningsskýrslu eru ekki samsvarandi svæði og eftirtaldir reitir í skriflegri aðflutningsskýrslu, ebl. E-1.1: Reitir 16, tala fylgiskjala, reitir 18, gengi, reitir 21, tollverðsgengi, reitir 23, innkaupsverð í íslenskum krónum, reitir 27 og 35, tollverð og reitir 36 til 42, útreiknaðar upphæðir álagðra gjalda. Þegar um SMT-aðflutningsskýrslu yfir póstsendingu er að ræða skal miðlari enn fremur ekki fylla út reit 11, farmskrárnúmer.

Varsla SMT-aðflutningsskýrslu í bókhaldi

Miðlara er ekki skylt að prenta út SMT-skýrslu, en skal varðveita hana á tölvutæku formi eins tryggilega og önnur bókhaldsgögn.

Leyfi, vottorð og undanþágur gjalda

Ef skilyrt er í lögum og reglugerðum eða í "Tollskrárlyklar" á heimasíðu tollstjóra www.tollur.is, að leyfi, vottorð eða áritanir liggi fyrir áður en tiltekin vara er tollafgreidd inn í landið skal gefið til kynna í SMT-tollskýrslu að þau gögn séu til staðar. Það er gert með því að miðlari skráir í SMT-aðflutningsskýrslu viðeigandi þriggja stafa lykíl ásamt tilvísun, sem er númer eða dagsetning leyfis eða vottorðs, allt að 7 stafir, sbr. reitur 14 á skriflegri tollskýrslu, eyðublað E-1.1.

Leiðbeiningar og skrá yfir leyfi, vottorð, bönn og undanþágur er að finna á heimasíðu tollstjóra. Þar má fá ýtarlegar leiðbeiningar um útfyllingu á reit 14 í aðflutningsskýrslu og er brýnt að eftir þeim sé farið við SMT-tollafgreiðslu. Upplýsingar um leyfi, vottorð og bönn á tollskrárnúmeri má einnig fletta upp í tollskrá í Tollalínunni.

Sérstakar reglur vegna EUR-upprunasönnunar eða GSP-upprunasönnunar:

- Ef um EUR skírteini er að ræða skal númer þess ritað í svæðið á eftir kódanum, þ.e. 7 öftustu stafir númersins sé það lengra en 7 stafir.
Dæmi: EUR 1234567
- Ef EUR yfirlýsing/áritun er á vörureikningi, sem tilheyrir tollskýrslu skal rita "YFIRLÝS" í svæðið á eftir kódanum. Þannig: EUR YFIRLÝS
- Ef um GSP skírteini er að ræða skal númer þess ritað í svæðið á eftir kódanum, þ.e. 7 öftustu stafir númersins sé það lengra en 7 stafir.
Dæmi: GSP 1234567
- Ef GSP yfirlýsing/áritun er á vörureikningi, sem tilheyrir tollskýrslu skal rita "YFIRLÝS" í svæðið á eftir kódanum. Þannig: GSP YFIRLÝS

Tilvísun vegna beiðni um niðurfellingu eða undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda

Þegar innflytjandi á rétt á og óskar eftir að vara sé undanþegin aðflutningsgjöldum að nokkru eða öllu leyti samkvæmt sérstökum heimildum í lögum, reglugerðum eða öðrum birtum heimildum, þ.e. í Stjórnartíðindum, ber honum að gefa það til kynna í "leyfi/vottorð" í SMT-aðflutningsskýrslu, sbr. reitur 14 á skriflegri tollskýrslu (ebl. E 1.1.), með því að tilgreina sérstaka tilvitnun sem saman stendur af *þriggja stafa lykli*, UND, og sérstakri *undanþágutilvísun* í viðkomandi heimild til undanþágu. Að auki skal vísa til heimildarnúmers undanþágu gjalda, sem innflytjandi hefur fengið úthlutað, skv. beiðni á ebl. E27 og tollstjóri hefur samþykkt. Lykill heimildarnúmers er HNR. Lista yfir undanþágutilvísanir vegna beiðna um niðurfellingu aðflutningsgjalda skv. tilteknum heimildum má fá með því að smella hér. (í vinnslu).

Með þessum hætti er innflytjandi að lýsa því yfir að hann óski eftir undanþágu tiltekinna aðflutningsgjalda af vörunni samkvæmt þeim heimildum sem undanþágutilvísun vísar til. Jafnframt er innflytjandi að lýsa því yfir að hann skuldbindi sig til að hlíta öllum þeim fyrirætlum, skilyrðum og takmörkunum, sem í nefndum heimildum er að finna fyrir undanþágu gjaldanna og ráðstöfun vörunnar. Dæmi um hvernig rita skal slíka tilvitnun vegna undanþáguheimildar í fjárlögum vegna fallbyssuskota sem Landhelgisgæslan fær að gjöf frá Noregi er: UND F2604 og HNR REY9999

Athugið að í ýmsum tilvikum er nauðsynlegt að tollafgreiðsla fari fram með aðflutningsskýrslu á pappír þegar um niðurfellingu eða lækkun aðflutningsgjalda er að ræða.

Gerð svæðis: Lykill (a3), tilvísun með lykli (a..7)

Tegundir tollafgreiðslu

Eftirtaldar tegundir tollafgreiðslu eru heimilar í SMT-aðflutningsskýrslu miðlara sbr. reit 1 á aðflutningsskýrslu ebl. E-1.1:

- ET í afgreiðslu nr. 1 og umferð nr. (n) vegna almennra vörusendinga, póstsendinga og úttekta úr tollvöruheimildum og frísvæðum og HS vegna hraðsendinga samkvæmt nánari skilyrðum í 11. gr. reglugerðar nr. 858/2000 um SMT-tollafgreiðslu. Um hraðsendingar gildir reglugerð nr. 445/1997 um tollafgreiðslu hraðsendinga.
- Tollstjóri getur heimilað að SMT-tollafgreiðsla taki til fleiri tegunda tollafgreiðslu.
- Flutningsmiðlurum, sem annast hraðsendingar ber að annast tollafgreiðslu hraðsendinga, en geta heimilað innflytjanda að annast tollafgreiðslu sinna hraðsendinga. Flutningsmiðlari ber eftir sem áður ábyrgð á að fullnaðartollafgreiðsla hraðsendinga fari fram og innan tilskilins frests.

Afgreiðsluferill við SMT-tollafgreiðslu

Almennt

Pappírslaus tollafgreiðsla fer fram með SMT-skeytasendingum milli miðlara, tollstjóra og farmflytjanda eða annarra viðurkenndra vörsluhafa ótollafgreiddrar vöru. Öll SMT-skeyti fara í gegnum Almenna gagnaflytningarnet Landssímans hf eða sambærilegt gagnaflytningarnet og í gegnum X.400 staðlað gagnahólf. Það gerist á þann hátt að sendandi SMT-skeytis sendir skeyti úr tölvukerfi sínu í gagnahólf viðtakanda og viðtakandi sækir skeytið úr gagnahólfi sínu og les inn í tölvukerfi sitt. Öll skeyti eru ennfremur send inn í eða frá Tollakerfinu hjá Skýrr, en þar er tölvukerfi tollstjóra, nefnt Tollakerfið, staðsett. Tollakerfið er notað við tollafgreiðslu hjá öllum tollstjórum með því að þessir aðilar tengjast kerfinu hjá Skýrr. Tollstjórinn í Reykjavík hefur yfirumsjón með Tollakerfinu.

Íslenska skammstöfunin fyrir pappírslaus viðskipti er SMT og merkir "Skjalasendingar milli tölva". Fjölpjódaskammstöfunin er EDI, "Electronic Data Interchange". Hvert SMT-skeyti inniheldur á tölvutæku formi upplýsingar þess skjals, sem skeytið er ætlað til flutnings á samkvæmt staðli. SMT-skeytin koma í stað skjala, sem ella hefðu farið á milli leyfishafa SMT-tollafgreiðslu og tollafgreiðslustaðar á pappír. T.d. tollskýrslur, skuldfærslu-

tilkynningar (koma í stað greiðslukvittana), afhendingarheimildir o. fl. skjöl eins og nánar er greint frá hér á eftir.

Eftirtaldir tollstjórar geta framkvæmt SMT-tollafgreiðslu:

Tollstjórinn í Reykjavík og allir sýslumenn utan Reykjavíkur.

Eftirtaldir farmflytjendur og viðurkenndir vörsluhafar ótollafgreiddra vara geta tekið á móti afhendingarheimildum með SMT-skeytum:

Eimskip hf.

Samskip hf

Flugflutningar ehf

Flugleiðir hf.

flutningsmiðlarar

"Skjöl", sem fara á milli aðila með SMT-skeytum

Eftirfarandi SMT-skeyti fara á milli aðila. Heiti skeytanna og uppbygging er samkvæmt staðli Sameinuðu þjóðanna, UN/EDIFACT, fyrir pappírslaus viðskipti.

Heiti skeyta: Skjal/skýringar:

Aðflutningsskýrsla frá miðlara til tollafgreiðslustaðar

• CUSDEC

- Customs Declaration.

Vörusending eða póstsending telst vera tekin til tollmeðferðar á tollafgreiðslustað þegar CUSDEC skeytið hefur verið skráð mótttekið í Tollakerfið hjá Skýrr. Sé móttöku SMT-aðflutningsskýrslu hafnað sendir Tollakerfið CUSGER skeyti sjálfvirkt til miðlara með skýringum. Móttöku CUSDEC skeytis er hafnað ef sendingarnúmer eða kennitala er ekki rétt og fleiri tilvik.

Skuldfærslutilkynning eða bakfærslutilkynning frá tollafgreiðslustað til miðlara

• CUSTAR

- Customs Tax Calculation/Confirmation Response.

Skuldfærslutilkynning frá tollstjóra til miðlara, sem inniheldur samsvarandi upplýsingar og kemur í stað greiðslukvittunar á pappír frá tollafgreiðslustað fyrir aðflutningsgjöld. CUSTAR skeytið er sent um leið og tollafgreiðsla vörusendingar eða póstsendingar fer fram á tollafgreiðslustað og gjöld eru skuldfærð á miðlara. Skeytið er einnig notað vegna bakfærslutilkynningar. Miðlara er skylt að varðveita öll CUSTAR skeyti í bókhaldi sínu. Um leið og miðlara er sent CUSTAR skeyti er farmflytjanda eða miðlara, ef miðlari er vörsluhafi vörunnar, sent CUSPAR skeyti, þ.e. afhendingarheimild; tilkynning frá tollstjóra um að varan sé tollafgreidd og afhenda megi vörusendingu. Ef gjöld eru skuldfærð á innflytjanda, sem hefur heimild til SMT-tollafgreiðslu, er skuldfærslutilkynning einnig send innflytjanda.

Afhendingarheimild frá tollafgreiðslustað til farmflytjanda eða miðlara ef miðlari er vörsluhafi vörunnar.

• CUSPAR

- Customs Package Response.

Afhendingarheimild, tilkynning um tollafgreiðslu vöru, frá tollstjóra til farmflytjanda, miðlara eða annars vörsluhafa ótollafgreiddra vara.

Farmflytjandi eða annar vörsluhafi hinnar ótollafgreiddu vöru, t.d. miðlari, má ekki afhenda vöruna fyrr en CUSPAR skeytið hefur borist frá tollstjóra.

CUSPAR skeytið er sent um leið og tollafgreiðsla fer fram á tollafgreiðslustað og um leið og CUSTAR skeytið er sent.

Vara telst tollafgreidd þegar CUSTAR skeyti hefur verið sent miðlara og CUSPAR skeyti hefur verið sent farmflytjanda eða miðlara og tollafgreiðslustaður þar með heimilað afhendingu vörusendingar eða póstsendingar. Sjá nánar 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 858/2000. CUSPAR skeytið er einnig notað ef afhendingarheimild er afturkölluð af tollstjóra sem á sér stað ef sending er bakfærð hjá gjaldkera þar. Þá er farmflytjanda eða miðlara sent CUSPAR skeyti frá tollstjóra um að tollafgreiðsla sé afturkölluð og ekki megi afhenda innflytjanda vöruna.

Athugasemdir frá tollafgreiðslustað við SMT-aðflutningsskýrslu, sem sendar eru miðlara

- CUSERR - Customs Error Response.
Athugasemdir, sem starfsmaður á tollafgreiðslustað kann að gera við SMT-aðflutningsskýrslu, þegar hún er til afgreiðslu þar. Skeytið er sent frá tollstjóra til miðlara, sem getur sent inn leiðréttu SMT-skýrslu með nýju CUSDEC skeyti.

Beiðni frá tollafgreiðslustað til miðlara um að hann sendi tollskjöl til viðkomandi tollafgreiðslustaðar

- CUSDOR - Customs Document Response.
Beiðni frá tollafgreiðslustað til miðlara um að senda tiltekin tollskjöl vörusendingar eða póstsendingar til viðkomandi tollstjóra t.d. vegna vöruskoðunar eða annarrar athugunar. Beiðnin skal prentuð út hjá miðlara og látin fylgja þegar tollskjöl eru send til tollafgreiðslustaðar. Í beiðninni er veittur tiltekinn frestur til að skila inn tollskjöllum.

Tilkynning um synjun móttöku SMT-aðflutningsskýrslu eða synjun tollafgreiðslu

- CUSGER - Customs General Response.
Ef móttöku SMT-aðflutningsskýrslu eða tollafgreiðslu hennar er synjað á tollafgreiðslustað af Tollakerfi hjá tolli er CUSGER skeyti sent til miðlara. Skeytið inniheldur texta, sem greinir frá ástæðu synjunar.
- Ef móttöku, tollmeðferð, er synjað getur ástæðan m.a. verið sú að kennitala sé röng eða að heimild miðlara til SMT-tollafgreiðslu hafi verið felld úr gildi. Móttöku er einnig synjað ef miðlari hefur óskað eftir að gjöld séu skuldfærð á innflytjanda, sem ekki hefur fullnægjandi heimildir til greiðslufrests allra aðflutningsgjalda.
- Ef tollafgreiðslu er synjað á móttækinni SMT-aðflutningsskýrslu getur ástæðan m.a. verið sú að hámarksupphæð tollkrítarheimildar miðlara eða innflytjanda vegna skuldfærslu gjalda sé náð á uppgjörstímabilinu eða

SMT-heimild hafi verið afnumin eftir að SMT-tollskýrsla var móttækin á tollafgreiðslustað.

Bakfærsla áður skuldfærðra gjalda

Ef SMT-tollafgreidd sending er bakfærð hjá gjaldkera tollafgreiðslustaðar er sent CUSTAR skeyti með bakfærslutilkynningu, sem merkir að áður skuldfærð aðflutningsgjöld sendingar hafi verið bakfærð og einnig er sent CUSPAR skeyti um afturköllun afhendingarheimildar.

Tollafgreiðslustaður framkvæmir ekki bakfærslu nema í sérstökum tilvikum og þá í samráði við miðlara. Bakfærslu má ekki gera nema sama dag og gjöld voru skuldfærð, þ.e. sending er tollafgreidd. Bakfærsla er ekki gerð nema varan sé enn í vörslu farmflytjanda eða miðlara.

Tollafgreiðsla vörusendingar eða póstsendingar ekki heimiluð

Til þess að vörusending eða póstsending geti fengið tollafgreiðslu verður bæði miðlari og innflytjandi að hafa tollafgreiðsluheimild hjá tollstjóra. Af því leiðir að ef innflytjandi hefur ekki tollafgreiðsluheimild getur miðlari ekki fengið vörur tollafgreiddar fyrir þann innflytjanda meðan stöðvun tollafgreiðslu varir þó að miðlari hafi tollafgreiðsluheimild í gildi. Ennfremur þarf tollkrítarheimild miðlara eða e.a. innflytjanda að vera fyrir hendi og hún má ekki vera fullnýtt á uppgjörstímabilinu ef heimildin er bundin hámarksupphæð samkvæmt bankaábyrgð.

SMT-aðflutningsskýrsla leiðrétt eftir tollafgreiðslu

Ef leiðrétt þarf SMT-aðflutningsskýrslu eftir tollafgreiðslu skal það gert með innlögn aðflutningsskýrslu á pappír ásamt fylgiskjölum hjá viðkomandi tollafgreiðslustað. Vangreidd gjöld sem kunna að vera lögð á vörusendingu eða póstsendingu eftir að SMT-tollafgreiðsla hefur átt sér stað verður að staðgreiða.

SMT-tollafgreiðsla póstsendingar

Áður en miðlari hefur SMT-tollafgreiðslu póstsendinga skal hann hafa samband við pósthús þar sem póstsendingar eru til tollafgreiðslu. Ástæða þessa er sú að SMT-leyfishafi þarf að semja við pósthús um það hvernig farið skuli með greiðslu póstkröfu vegna póstsendingarinnar og greiðslu þjónustugjalda til pósthúss, þ.e. tollmeðferðargjalds (M-gjald) og geymsugjalds (L-gjald).

Við SMT-tollafgreiðslu póstsendingar eru öll aðflutningsgjöld skuldfærð eins og almennt gildir um SMT-tollafgreiðslu. Varðandi greiðslu póstkröfu og þjónustugjalda vegna póstsendingar býður Íslandspóstur hf upp á eftirfarandi þjónustu í tengslum við SMT-tollafgreiðsluna:

- Unnt er að velja á milli þess að fá vörur sendar heim eða á viðskiptapósthús viðtakanda. Heimsending er gjaldfærð samkvæmt gjaldi pósthjónustunnar um heimsendingar.
- Þeir aðilar sem eru í Fyrirtækjaþjónustu póstsins fá vörurnar sendar með henni.
- Pósthúsin munu bjóða upp á að þjónustugjöld vegna póstafrangi greiðslunnar verði skuldfærð. Hvert uppgjörstímabil er einn mánuður og gjalddagi er 15. næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna þeirra póstsendinga, sem tollafgreiddar voru á uppgjörstímabili.

- Póstkröfur vegna póstsendinga verður ávallt að staðgreiða. Gefinn verður kostur á því að innflytjandi eða miðlari veiti pósthúsi umboð til að taka út af gíróreikningi innflytjanda eða miðlara til greiðslu á póströfu og á þann hátt verði mögulegt að ganga frá póstsendingum til heimsendingar þegar um póströfur er að ræða.

Pósthús Íslandspósts hf veita nánari upplýsingar um framangreinda þjónustu.

Varsla gagna

Leyfishafa SMT-tollafgreiðslu ber að varðveita þau tollskjöl, þ.m.t. leyfi, vottorð og áritanir, í bókhaldi sínu, sem hefði átt að leggja fram með aðflutningsskýrslu ef hún hefði verið lögð inn hjá tollstjóra sem skrifleg tollskýrsla á ebl. E-1.1 samkvæmt almennum reglum. Tollskjöl vörusendingar eða póstsendingar skulu vera til staðar hjá leyfishafa þegar SMT-tollafgreiðslan fer fram.

Ofangreint breytir engu um skyldur innflytjanda vöru, sem miðlari annast gerð tollskýrslu og tollafgreiðslu fyrir, að varðveita einnig í sínu bókhaldi tollskjöl er varða hina innfluttu vöru.

Leyfishafa er ekki skylt að prenta út önnur skjöl sem SMT-skeyti flytja en CUSDOR, beiðni um að senda tollskjöl vörusendingar eða póstsendingar til tollafgreiðslustaðar. Þó skal mögulegt að prenta út CUSTAR, skuldfærslutilkynningar (e.a. bakfærslutilkynningar) og SMT-tollskýrslur.

Þau gögn, sem varða tollafgreiðslu vöru og eingöngu eru geymd á tölvutæku formi, skal varðveita jafn tryggilega hjá miðlara og öll önnur bókhaldsgögn. Þessi gögn eru m.a. SMT-skeytin og SMT-tollskýrslur. Í þessu sambandi er skylt að framkvæma öryggisafritun með reglubundnum hætti af gagnamiðlum, t.d. hörðum diskum í tölvukerfum, sem varðveita bókhaldsgögn.

Um vörslu og aðgengi gagna og bókhald gilda lög nr. 145/1994 um bókhald, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 598/1999 um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa.

Sérstaða varðandi SMT-tollafgreiðslu

- Allir leyfishafar SMT-tollafgreiðslu skulu hafa aðgang að Tollalínu tollstjóra, en þar er m.a. unnt að fá upplýsingar um greiðslustöðu vegna skuldfærslu aðflutningsgjalda og fylgjast með stöðu tollafgreiðslu vörusendinga og póstsendinga á viðkomandi tollafgreiðslustað o.fl. Unnt er að tengjast Tollalínunni m.a. í gegnum Internetið.
- Starfsmönnum tollstjóra er ekki heimilt að breyta upplýsingum í SMT-tollskýrslum eða leiðréttu þær við tollmeðferð og er þeim því aldrei breytt eða leiðréttingar gerðar af starfsmönnum tollafgreiðslustaðar. Af því leiðir að sé SMT-tollskýrsla samþykkt af tollafgreiðslustað hefur leyfishafi vissu fyrir því að tollafgreiðslan er byggð á þeim upplýsingum óbreyttum, sem hann skráði í tollskýrsluna og ber ábyrgð á að séu réttar. Séu athugasemdir gerðar við SMT-tollskýrslu, sem er til afgreiðslu hjá tollstjóra, getur leyfishafi sent inn nýja leiðréttu SMT-tollskýrslu eða í sérstökum tilvikum að kröfu tollstjóra lagt inn leiðréttu tollskýrslu á pappír ásamt fylgiskjölum og telst þá vörusendingin eða póstsendingin vera komin í almenna tollafgreiðslu á tollafgreiðslustað og ekki lengur vera í afgreiðsluferli SMT-tollafgreiðslu.
- Þegar leyfishafi sendir SMT-tollskýrslu um gagnaflutningsnet til tollafgreiðslustaðar telst hann vera að samþykkja að tollafgreiðslustaður tollafgreiði vöruna eins fljótt og verða má og skuldfæri leyfishafa, miðlara eða e.a. innflytjanda, fyrir álögðum aðflutningsgjöldum, án frekari beiðni hans þar um og jafnframt felst í því skuldbinding miðlara eða e.a. innflytjanda um greiðslu gjaldanna sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 858/2000 um SMT-tollafgreiðslu. Af þessu leiðir að leyfishafi skal aldrei senda SMT-tollskýrslu til tollafgreiðslustaðar nema hann vilji fá vöruna tollafgreidda þegar í stað.
- Senda má SMT-tollskýrslur til tollafgreiðslustaðar allan sólarhringinn en tollafgreiðsla hjá tollafgreiðslustað er þó m.a. háð því að öll tölvukerfi séu starfhæf, þ.m.t. tölvukerfi tollstjóra, Tollakerfið, og tekjubókhaldskerfi innheimtumanna, TBR kerfið, sem er í umsjón Ríkisbókhalds. Öll skuldfærð og staðgreidd aðflutningsgjöld eru sjálfvirkt bókuð í TBR kerfið á þann sem aðflutningsgjöld skulu gjaldfærð á um leið og tollafgreiðsla á sér stað í Tollakerfi á tollafgreiðslustað.
- Ef SMT-skeyti frá tollafgreiðslustað hefur misfarist á leiðinni til eða hjá miðlara getur tollafgreiðslustaður að beiðni hans sent skeytið aftur, þ.e. afrit þess.

Útskrift tollskýrslu á pappír og SMT-tollskýrsla - línur tollskrárnúmera

- Meginreglan er sú að draga skal saman vörur í vörureikningi eða vörureikningum, sem tilheyra einni tollskýrslu og eru í sama tollskrárnúmeri, í eina línu í tollskýrslu hvort sem um er að ræða tollskýrslu á pappír, á diskling eða SMT-tollskýrslu. Þetta er bundið þeim skilyrðum að upplýsingar, sem tengdar eru tollskrárnúmerinu séu samhljóða, þ.e. að tegund tolls og upprunaland sé það sama fyrir vörurnar og e.a. að aðrar upplýsingar, sem krafist er í tollskýrslunni, leiði ekki af sér að sundurliða þarf vörur í tollskýrslu þó að þær falli undir sama tollskrárnúmer. Aldrei má sameina vörur í sama tollskrárnúmeri í eina línu í tollskýrslu ef upprunaland er ekki það sama fyrir vörurnar.
- Í ýmsum tilvikum getur reynst nauðsynlegt að sundurliða vörur í sama tollskrárnúmeri og sem bera sömu tegund tolls og upprunaland. T.d. ef álagning gjalda á vöruna krefst slíkrar sundurliðunar vegna upplýsinga um einingartölu, nettóviggt, lítratölu og styrkleikaprósentu áfengis, sem þá mynda gjaldstofn gjalda á vöruna í tollskrárnúmerinu. Einnig getur verið þörf á sundurliðun vegna þess að hluti af vörunni í tollskrárnúmeri skal undanþegin gjöldum, en þá þarf að tilgreina í sér línu í tollskýrslu þann hluta vörunnar, sem óskað er eftir undanþágu gjalda á. Þau tilvik geta einnig verið fyrir hendi að innflytjandi óski eftir að fá að sundurliða vörur í tollskýrslu, sem eru í sama tollskrárnúmeri.

Í tollskýrslugerðarforritum innflytjenda skal samkvæmt framansögðu vera unnt að velja um tvær leiðir við útskrift tollskýrslu eða gerð SMT-tollskýrslu:

1. Að sameina í eina línu vörur, sem eru í sama tollskrárnúmeri og fullnægja öllum skilyrðum til þess að sameina megi vöruna í eina línu. Þetta skal vera meginregla.
2. Að sundurliða megi vörur í sama tollskrárnúmeri í línunum tollskrárnúmera í tollskýrslu ef álagning gjalda eða undanþága gjalda krefst þess eða ef innflytjandi óskar þess. Ef slík sundurliðun er eingöngu vegna óska innflytjandans skal hann áður en hann leggur fram slíka tollskýrslu á pappír eða sem SMT-tollskýrslu fá leyfi viðkomandi tollstjóra til slíkrar sundurliðunar við tollafgreiðslu.

Samræmi á framsetningu upplýsinga í SMT-aðflutningsskýrslu (CUSDEC-skeyti), aðflutningsskýrslu á pappír og aðflutningsskýrslu, sem vistuð er í hugbúnaði og tölvukerfi innflytjanda.

SMT-aðflutningsskýrsla, sem send er með CUSDEC skeyti til tollstjóra, skal innihalda upplýsingar eins fram settar og í samræmi við pappírsaðflutningsskýrslu, sem skrifuð er út úr hugbúnaði innflytjanda. Með þessu er m.a. átt við að ef vörur í sama tollskrárnúmeri eru dregnar saman í eina línu í SMT-aðflutningsskýrslu skal slíkt einnig gert þegar sú skýrsla er prentuð út á pappír. Sama gildir þá einnig þegar vörur í sama tollskrárnúmeri eru **ekki** dregnar saman í eina línu í SMT-aðflutningsskýrslu þá skal það ekki heldur gert í pappírsgáfum skýrslunnar. Aðflutningsskýrslur, hvort sem um SMT-skýrslu eða pappírsskýrslu er að ræða, skulu vistaðar í tölvukerfi innflytjanda eins og þær voru sendar til tollstjóra og fengust samþykktar þar.